

Fréttabréf Grunnskólans Hofsósi

8. september 2016

Ágætu foreldrar/forráðamenn

Ýmislegt skemmtilegt hefur verið gert til að brjóta upp skólastarfið og efla tengsl nemenda, jafnt innan starfsstöðvarinnar okkar hér og við hinar stöðvarnar á Hólum og Sólgörðum. Nemendur 5.-7. bekkjar í öllum skólunum fóru í gistiferð á Steinstaði og einnig fóru nemendur 8.-10. bekkjar í vel heppnaða ævintýraferð.

Skógardagurinn 13. september

Þriðjudaginn 13. september verður hinn árlegi Skógardagur 1. – 10. bekkjar haldinn á Hólum en þar verða allir nemendur grunnskólans saman komnir. Á þessum degi er nærumhverfið á Hólum nýtt til kennslu.

Fatnaður nemenda

Foreldrum/forráðamönnum er bent á að klæða börnin í samræmi við skólastarfið, sérstaklega í ljósi þess að núna á haustdögum er útistarf mikið. Allur fatnaður er á ábyrgð foreldra/ forráðamanna og því skal hann vera rækilega merktur til þess að koma í veg fyrir að hann glatist.

Útivistareglur

Skólinn vill vekja athygli á breyttum útivistartíma barna. Þann 1. september breyttust útivistareglurnar en börn 12 ára og yngri mega lengst vera úti til kl. 20 og börn 13 til 16 ára mega vera lengst úti til kl. 22. Verulegur árangur hefur náðst síðustu ár í að draga úr áhættuþegðun barna og unglinga og má ekki síst rekja það til þess að foreldrar hafa staðið saman og virt útivistarreglurnar.

Kennaranemi hjá okkur

Næstu vikur verður Laufey Guðmundsdóttir kennaranemi frá Háskólanum á Akureyri í vettvangsnámi við Grunnskólann austan Vatna. Hún mun skila sinni kennslu aðallega á kennslustað skólans á Hólum. Fyrstu vikurnar er hins vegar vettvangsnám og þá er mælst til að nemendur fái meiri yfirsýn og komi við í sem flestum bekkjardeildum. Kennaranemar hafa gjarnan með sér einstaka verkefni sem þeir þurfa að skila í sínu námi í formi viðtala við nemendur og þessháttar. Ekkert er skráð undir nafni og fyllsta trúnaðar gætt enda eru æfinganemar formlega bundnir sama trúnaði og starfsmenn skóla.

Samræmd próf

Samræmd próf verða í vikunum 22.-23. september, 29.-30. september og er tímasetning þeirra sem hér segir:

Dagsetning	Fag	Bekkur
Fimmtudagur 22. sept.	Íslenska	7.
Föstudagur 23. sept	Stærðfræði	7.
Fimmtudagur 29. sept.	Íslenska	4.
Föstudagur 30. sept	Stærðfræði	4.

Markmið með fyrirlögn prófanna eru aðallega tvíþætt. Í fyrsta lagi að gefa upplýsingar um að hvaða marki nemendur hafa náð grundvallarkunnáttu og færni sem frekara nám byggir á. Í öðru lagi að vera foreldrum, kennurum og skólafyrirvöldum til leiðbeiningar um námsstöðu nemenda. Með því að leggja samræmd könnunarpróf fyrir að hausti, gefast tækifæri til að nýta niðurstöður þeirra við skipulag náms og kennslu. Mikilvægt er að nemendur séu vel upplagðir, hafi fengið góðan nætursvefn og borðað morgunmat. Einhver röskun getur orðið á skólastarfi prófdagana og eru forráðamenn barna vinsamlega beðnir um að sýna því skilning. Ekki er ástæða fyrir foreldra að undirbúa börnin sérstaklega fyrir prófin enda eru þau hluti af hefðbundnu skólastarfi og ætlað er að meta námsstöðu nemenda.